



17. stjórnarfundur LH

23. janúar 2020 kl. 20:00 - Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mætt: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Stefán Logi Haraldsson, og Ágúst Hafsteinsson úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson úr varastjórn.

Á símafundi: Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Eggert Hjartarson og Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari úr aðalstjórn, Lilja Björk Reynisdóttir, Þórdís Arnardóttir, og Rósa Birna Þorvaldsdóttir úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. Formaður setur fund og felur Ólafi að stjórna fundi

2. Samþykktir fundargerða

Fundargerð 16. fundar samþykkt.

3. Íslandsmót barna og unglinga 2020 - dagsetning

Dagsetning Íslandsmóts barna og unglinga var tekin fyrir á stjórnarfundum hjá Hestamannafélaginu Sleipni. Félagið mælist til að dagsetning mótsins verði 19. til 21. júní en ekki helgina 24. til 26. júlí eins og áður hafði verið ákveðið vegna nálægðar við Norðurlandamót sem og hefst 27. júlí.

Afgreiðsla: Tillaga Sleipnis samþykkt.

4. Trec – erindi frá Hestamannafélaginu Funa

Stjórn Hestamannafélagsins Funa óskar eftir svörum frá stjórn og starfsmönnum LH um hvernig samþykktum á 59. og 61. landsþingi varðandi útbreiðslu á TREC hefur verið fylgt eftir.

Afgreiðsla: Skrifstofu falið að koma á námskeiði fyrir einstaklinga sem vilja þjálfa TREC og kanna áhuga hjá Hestamannafélögum að senda fulltrúa á námskeiðið.

5. GDLH – beiðni um styrk til útbreiðslu

Gæðingadómarafélagið biður um styrk til útbreiðslu og kynningu á gæðingakeppni.

Afgreiðsla: Samþykkt að veita 300.000 kr. styrk. Styrkurinn verði notaður til að gera kynningarmyndband um gæðingakeppni, sögu, kosti og galla. Einnig veitir stjórn LH GDLH heimild til að nota, til verkefnisins, þær upptökur sem eru í eigu LH.



6. Svar RSK við fyrirspurn um skattfrjálsa heilsuverndarstyrki – erindi frá Ara Harðarsyni

Félag vélstjóra og málmiðnaðarmanna sendi Ríkisskattstjóra fyrirspurn um hvort nýta megi styrk vegna íþróttiðkunar í félagsgjald í Hestamannafélagi. Í svari RSK kemur fram sú túlkun að hestaíþróttir falli ekki undir hugtakið heilsurækt og falli þar með ekki undir skattfrjálsa styrki til heilsuræktar.

Afgreiðsla: Stjórn LH telur að hestaíþróttir falli undir íþróttaiðkun til ræktunar á líkamlegu heilbrigði og félagsgjald í Hestamannafélagi sé því í engu frábrugðið greiðslu á aðgangi að líkamsræktarstöðvum, sundlaugum, skíðasvæðum, íþróttasölum, félagsgjöldum golfklúbba sem og þátttökugjöldum vegna annarrar hreyfingar sem stunduð er með reglubundnum hætti eins og RSK tekur sem dæmi um íþróttir sem eru undanþegnir skattskyldu í svari sínu. Framkvæmdastjóra falið að senda fyrirspurn á RSK og fá nánari útskýringar og rökstuðning fyrir þessari niðurstöðu Ríkisskattstjóra.

7. Önnur mál

a. Horses of Iceland

Samningur við ríkið rann út um áramótin. Verið er að reyna að finna leiðir til að halda verkefninu áfram.

b. Sportfengur – gjaldskrá

Tölvunefnd leggur til eftirfarandi gjaldskrá fyrir árið 2020:

Erlendis: Hver skráning í keppni og á námskeið, 3 evrur.

Innanlands: Hver skráning í keppni 400 kr., hver skráning á námskeið 300 kr.

Afgreiðsla: Samþykkt að leggja til þessa gjaldskrá við RML.

Fundi slitið um kl. 21.47